

bænda
FERÐIR

GRAN CANARIA, FUERTEVENTURA & TENERIFE



25. febrúar – 13. mars 2025

Fararstjórn: Þóra Björk Valsteinsdóttir

Vetur 1
Spánn

Ferðalýsing

Kanaríeyjar eru mörgum Íslendingum kunnugar en þrátt fyrir það eru margir sem ekki hafa upplifað allt það stórkostlega sem eyjarnar hafa upp á að bjóða. Þar má helst nefna fjölbreytta og gullfallega náttúru, girnilega matargerðarlist og áhugaverða sögu og menningu. Í þessari ljúfu ferð munum við njóta þess að blanda saman fjölbreyttum skoðunarferðum og afslöppun í sólinni á þremur stærstu Kanaríeyjunum, **Gran Canaria**, **Fuerteventura** og **Tenerife**. Frá landfræðilegu sjónarhorni tilheyra þessar spænsku eldfjallaeyjur Afríku, enda liggja þær aðeins 100 km frá Marokkó þar sem styst er á milli. Við hefjum ferð okkar á Gran Canaria þar við skoðum m.a. höfuðborgina **Las Palmas**, hið undraverða friðland á **Maspalomas** ströndinni, sjarmerandi sjávarþorpið **Mogán**, litríka bæinn Agüimes og frumbyggjadalinn Guayadeque. Við fræðumst um kanaríska rommframleiðslu, skoðum okkur um í vatnabænum fræga Fingas og í dalnum Los Berrazales. Á Fuerteventura förum við í skoðunarferð um eyjuna þar sem við sjáum strendur og eldfjöll, heimsækjum áhugaverðar borgir og njótum fallegs landslags. Við förum í heimsókn á aloe vera býli, smökkum geitaost sem íbúar eyjunnar eru afar stoltir af og sækjum heim bæinn **Betancuria** sem er umkringdur fjallafegurð. Við dveljum lengst á stærstu Kanaríeyjunni, Tenerife. Eldfjallið **Teide** blasir víða við enda hæsta fjall Spánar en við munum taka kláf upp á Teide og njóta þaðan stórkostlegs útsýnis. Við förum í skoðunarferðir um bæði norður- og vesturhluta Tenerife og sjáum þar stórbrotna náttúru og mörg hrífandi þorp á borð við Candelaria, **La Laguna**, El Sauzal og **Masca** sem situr á einum toppi Teno-fjalla. Milt og þægilegt loftslagið allt árið um kring gerir Kanaríeyjar ákjósanlegan áfangastað og þarna munum við svo sannarlega njóta þess að dvelja, slaka á og njóta ómældrar náttúrufegurðar.

17 dagar | 16 nætur

5 nætur Gran Canaria | 3 nætur Fuerteventura | 8 nætur Tenerife



25. febrúar | Flug til Gran Canaria

Brottför frá Keflavík kl. 10:00 og mæting í Leifsstöð u.þ.b. 2,5 klst. fyrir brottför. Lending á Gran Canaria kl. 15:25 að staðartíma. Við dveljum í fimm nætur á Hotel Cristina by Tigotan sem er 5* hótél í Las Palmas á Gran Canaria. Á hótelinu er glæsileg aðstaða, m.a. upphituð útisundlaug og góð sólarverönd.

26. febrúar | Höfuðborgin Las Palmas

Þennan ljúfa dag ætlum við inn í Las Palmas, höfuðborgina á Gran Canaria. Merkustu byggingar og mikilvægustu söfn borgarinnar eru staðsett í hinu vinsæla hverfi Vegueta þar sem við ætlum að fara í stutta skoðunarferð. Í miðju hverfinu stendur Santa Ana dómkirkjan við torgið Santa Ana. Eftir það verður frjáls tími til að kanna líf



bæjarbúa á eigin vegum og upplagt er að fá sér hressingu á skemmtilegum kaffi- og veitingahúsum borgarinnar áður en ekið verður á hótelið.

27. febrúar | Maspalomas, Mogán & hádegisverður í helli

Í dag munum við kanna suðurhluta Gran Canaria og hefjum ferðina í hinu undraverða friðlandi á Maspalomas ströndinni þar sem gamall viti vakir yfir sandöldum svæðisins. Næsti áfangastaður er fiskiþorpið Mogán en við höldum í stutta skoðunarferð um þennan heillandi bæ sem oft er talinn sá fegursti á eyjunni. Eftir þetta höldum við í frumbyggjadalinn Guayadeque en hann er þekktur fyrir hellana sína og enn er búið í mörgum þeirra. Við snæðum hádegisverð í einum hellana.



28. febrúar | Rólegheit & slökun



Þennan dag gefst heill dagur til þess að slaka á og njóta þess að vera á þessum yndislega stað. Las Palmas er líflegur og skemmtilegur bær, þar er margt að skoða og tilvalið að kíkja í verslanir eða á kaffi- og veitingahús. Einnig er hægt að slaka á við sundlaug hótelsins eða ganga niður að strandlengjunni.

1. mars | Skoðunarferð um Gran Canaria

Við heimsækjum í dag hið töfrandi eldfjall Bandama sem er 1 km í þvermál og meira en 250 m djúpt. Þetta er góður staður til að skilja myndun eyjunnar. Því næst förum við til bæjarins Arucas þar sem okkur býðst að heimsækja romm brugghús, fræðast um söguna og framleiðsluferlið og að sjálfsögðu smakka aðeins á afurðinni. Að þessu loknu ökum við til vatnabæjarins fræga Firgas og fallega bæjarins Agüimes sem er litríkur og skemmtilegur. Þaðan er síðan haldið áfram á vestari hluta eyjunnar í Los Berrazales dalnum með sínum einstöku kaffiplantekrum, appelsínutrjálundum og suðrænu ávöxtum. Þarna fáum við okkur hádegissnarl sem byggist upp af kanarískum afurðum.



2. mars | Sigling með ferju & Fuerteventura

Í dag er ferðinni haldið áfram á næsta áfangastað okkar, Fuerteventura, en þangað förum við með ferju. Fuerteventura er önnur stærsta Kanaríeyjan og jarðfræðilega sú elsta í eyjaklasanum. Hér ætlum við að dvelja í þrjár nætur í bænum Caletade Fuste við Castillo á Hotel Ereza Mar sem er fallett 4* hótél við sjávarsíðuna, í aðeins 3 mínútna göngufjarlægð frá ströndinni. Á hótelinu eru tvær útisundlaugar, sauna og sólbaðsaðstaða.

3. mars | Frjáls dagur í Fuerteventura

Nú er upplagt að skoða svæðið betur á eigin vegum og njóta þess að hafa nægan tíma til að rölta um, sýna sig og sjá aðra. Einnig er hægt að fara á ströndina eða nota aðstöðuna við hótelið sem er frábær, sóla sig og njóta lífsins.



4. mars | Skoðunarferð um Fuerteventura



Við munum kynnst Fuerteventura vel í skoðunarferð um eyjuna. Við munum sjá strendur, fjöll og eldfjöll, heimsækja áhugaverðar borgir og njóta fallegs landslags eyjunnar. Við hefjum ferð okkar með heimsókn á aloe vera býli og verksmiðju. Þar munum við læra um eiginleika plöntunnar og hvernig á að rækta sérstakt aloe vera sem hefur hvað mestan heilsufarslegan ávinning fyrir notendur. Aloe vera ræktun er mikilvæg atvinnugrein á Fuerteventura enda er eyjan

kjörinn staður til að rækta þessa tegund plantna sem þurfa mikla sól og lítið vatn. En ef aloe plantan er mikilvæg fyrir Fuerteventura þá er framleiðsla hins fræga geitaosts enn mikilvægari! Reyndar eru fleiri geitur á eyjunni heldur en fólk, um 110.000 geitur og um 100.000 manneskjur. Við munum því líka smakka í dag þessa frægu osta sem og aðrar kanarískar vörur. Einn fallegasti bær eyjunnar er Betancuria sem er staðsettur í dal umkringdur fjöllum. Í bænum, sem var áður höfuðborg Fuerteventura, búa tæplega 500 íbúar. Hér er yndislegt að koma og upplagt að fá sér hressingu og skoða sig um á þessum draumastað. Á leiðinni munum við einnig sjá mörg af eldfjöllum eyjunnar en á Fuerteventura eru meira en 150 eldfjöll.

5. mars | Flug til Tenerife

Nú kveðjum við Fuerteventura eftir ljúfa daga og fljúgum yfir til Tenerife. Tenerife er stærst Kanaríeyjanna, 2.055 km² að flatarmáli og jafnframt fjölmennasta eyja Spánnar með tæplega 900.000 íbúa. Við gistum í átta nætur á Hotel Tigotan á Amerísku ströndinni á suðurhluta Tenerife. Á hótelinu eru útisundlaugar, sólarverönd og glæsileg þakverönd með útsýni yfir Atlantshafið. Hótelið er aðeins fyrir 18 ára og eldri. Þarna verður ljúft að dvelja næstu daga.



6. mars | Frjáls dagur á Tenerife

Frídagur til að slaka á og njóta aðstöðunnar við hótelið. Hver ræður sínum degi að vild. Tilvalið að fara í göngu niður að strönd og kanna umhverfið betur.

7. mars | Eldfjallið Teide & sigling

Í dag fær eldfjallið Pico del Teide alla okkar athygli. Við tökum kláf upp á þetta hæsta fjall Spánar og njótum stórkostlegs útsýnis. Þeir sem vilja geta farið í stuttan göngutúr með leiðsögumanni um þetta frábæra svæði. Teide þjóðgarðurinn, sem hefur verið á heimsminjaskrá UNESCO síðan árið 2007, er sá stærsti á Kanaríeyjum og er eldfjallið þriðja hæsta eyjaeldfjall í heimi, 3715 m. Eftir ferðina á Teide keyrum við til Los Gigantes, eins fallegasta sjávarsvæðis eyjunnar og þar verður tími til að fá sér hádegishressingu áður en farið verður í siglingu með ströndinni.



8. mars | Frjáls dagur á Tenerife



Dagur í slökun og rólegheitum. Upplagt að nota aðstöðuna við hótelið eða skoða sig betur um, rölta niður að strönd, setjast á kaffihús eða skoða í verslanir á Av. las Américas.

9. mars | Skoðunarferð um norðurhluta Tenerife

Eftir morgunverð höldum við af stað í skoðunarferð um norðurhluta Tenerife. Fyrsta stopp dagsins er í einu af fallegustu þorpum eyjunnar, Candelaria. Það má enginn missa af þessu sjarmerandi sjávarþorpi. Því næst höldum við í norðurátt til einnar af áhugaverðustu borgum Tenerife, San Cristóbal de la Laguna. Þessi fyrrum höfuðborg eyjunnar er á heimsminjaskrá UNESCO enda rík af sögulegum byggingum og minnisvörðum, þröngum sjarmerandi götum og fallegum stórhýsum. Bærinn El Sauzal verður sóttur heim og þar komum við til með að að snæða léttan hádegisverð á Bodega Monje þaðan sem er stórbrotið útsýni yfir hafið og á fjallið Teide. Eftir yndislegan tíma þar verður ekin fögum leið á hótelið.



10. mars | Frjáls dagur á Tenerife

Í dag njótum við þess að eiga frjálsan dag og slökum á í sólinni.

11. mars | Skoðunarferð um vesturhluta Tenerife, Masca & Tenno fjöllin



Í dag ætlum við að upplifa fleiri perlar Tenerife en eyjan hefur svo sannarlega að geyma mörg dásamleg þorp þar sem hægt væri að gleyma sér í notalegheitum tímunum saman. Við ökum upp í Tenno fjöllin til fjallaborgsins Masca sem er yndislegur staður en hér má einnig finna stórfenglegt landslag fjallshlíða og gljúfra. Ein vinsælasta gönguleið eyjunnar liggur niður Masca gljúfrið og þarna ætti öllum að vera kleift að taka sannkallaðar póstkortamyndir. Áfram

verður haldið til bæjarins Garachico sem við vitum að er uppáhaldsstaður margra Spánverja. Þessi hluti eyjunnar er hvað þekktastur fyrir einstaka sögulega arfleið og áhugaverða staði á borð við Santa Ana kirkjuna, Nuestra Señora de los Ángeles kirkjuna, klaustur og San Miguel kastalann. Síðan verður ekið til líflega strandbæjarins Puerto de la Cruz þar sem upplagt er að fá sér smá hressingu en einnig eru skemmtilegar verslanir við ströndina. Að lokum heimsækjum við bæinn Icod de los Vinos sem staðsettur er í fallegum dal á norðvesturhluta eyjunnar. Svæðið var mikilvægt fyrir banana-, ávaxta- og vínrækt á 17. öld og dregur nafn sitt af því. Hér er frægasta og elsta drekatré eyjunnar, náttúran er stórbrotin og útsýnið blanda af eldfjöllum og sjávarsýn.

12. mars | Frjáls dagur á Tenerife

Dagur í slökun og rólegheitum. Upplagt að nota aðstöðuna við hótelið eða skoða sig betur um, rölta undir pálmatrjám eða eftir strandlengjunni.



13. mars | Heimferð

Nú er komið að heimferð eftir þessa glæsilegu ferð. Ekið verður út á flugvöllinn á Tenerife og er brottför þaðan kl. 15:05 og áætluð landing í Keflavík kl. 20:35 að staðartíma.

Fararstjóri getur fært dagskrárliði á milli daga eftir þörfum þegar komið er á staðinn.



Verð

589.900 kr. á mann í tvíbýli | 138.800 kr. aukagjald fyrir einbýli.

Innifalið

- ✓ Flug með Icelandair og flugvallarskattar.
- ✓ Gisting í 2ja manna herbergi með baði á 4* hótélum.
- ✓ Morgun- og kvöldverður allan tímann á hótélum.
- ✓ Öll ferðalög á milli eyjanna.
- ✓ Aðgangur í dómkirkjuna í Las Palmas.
- ✓ Hádegisverður í helli á Gran Canaria.
- ✓ Hádegissnarl ásamt víni, kaffi og líkjör.
- ✓ Aðgangur og smökkun í rommbrugghúsi á Gran Canaria.
- ✓ Heimsókn á Aloe vera búgarð á Fuerteventura.
- ✓ Ferð með kláfi upp á Teide á Tenerife.
- ✓ Sigling á Tenerife.
- ✓ Hádegisverður á Tenerife.
- ✓ Allar skoðunarferðir með rútu samkvæmt ferðalýsingu.
- ✓ Íslensk fararstjórn.



Ekki innifalið

- ✓ Aðgangseyrir inn í söfn, hallir og kirkjur sem ekki er talinn upp í innifalið.
- ✓ Hádegisverðir sem ekki eru taldir upp í innifalið.
- ✓ Þjófnef.
- ✓ Ferða- og forfallatryggingar.

Frekari upplýsingar

- ✓ Vert er að hafa í huga að þrátt fyrir að Bændaferðir séu alla jafna þægilegar rútuferðir er alltaf einhver ganga, t.d. í bæjarferðum. Margar evrópskar borgir eru bæði hæðóttar og ójafnar undir fæti og aðgengi að áfangastöðum þannig að leggja þarf rúttunni mislangt frá. Ef þú hefur einhverjar vangaveltur varðandi þetta vinsamlegast ekki hika við að hafa samband við skrifstofu Bændaferða.

